



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **HEIMSÓKN FORSETA FINNLANDS**

### **MÓTTÖKUATHÖFN Á BESSASTÖÐUM BLAÐAMANNAFUNDUR**

Opinber heimsókn forseta Finnlands Sauli Niinistö hefst í dag, þriðjudaginn 28. maí, með móttökuathöfn á Bessastöðum klukkan 11:00. Þar munu forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff forsetafrú, ásamt ráðherrum í ríkisstjórn Íslands og embættismönnum, taka á móti forseta Finnlands, Sauli Niinistö, eiginkonu hans frú Jenni Haukio, og sendinefnd forseta Finnlands.

Auk þess að vera viðstaddir móttökuathöfnina, sem fram fer utandyra á Bessastöðum, gefst fjölmiðlum færi á að mynda framhald hennar í sal Bessastaða.

Að loknum fundi forseta Finnlands með forseta Íslands á Bessastöðum munu forsetarnir ræða við fréttamenn og hefst blaðamannafundurinn klukkan 12:10.

Forseti Finnlands heimsækir Alþingi eftir hádegisverð á Bessastöðum og á fund með fulltrúum þingflokka. Sá fundur hefst kl. 14:00.

Málþing um framtíð Norðurslóða hefst kl. 15:00 í hátíðarsal Háskóla Íslands með ávörpum forseta Íslands og forseta Finnlands. Auk þeirra munu íslenskir og finnskir vísindamenn og fulltrúar fyrirtækja flytja stuttar kynningar áður en almennar umræður hefjast. Til málþingsins, sem fram fer á ensku, er m.a. boðið alþingismönnum, sérfræðingum, forystumönnum í atvinnulífi, embættismönnum og fulltrúum fjölmiðla.

Nánari upplýsingar um önnur atriði í dagskrá heimsóknarinnar er að finna í fréttatilkynningu sem fjölmiðlum var send í gær. Hún er einnig á heimasíðu embættisins, forseti.is

28. maí 2013

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*